


Samþykkt þann
1 1 JUNI 2002
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Sigurbjartur Halldórsson*

**Byggingarlýsing**:

Eldri hluti Flensborgarskóla er byggður fyrir seinna stríð og er teiknaður af Guðjóni Samúelssyni arkitekt.

Hann er tvær álmur, norður-suður álma og austur-vestur álma. Álmunar eru tveggja hæða með hálfniðurgröfnum kjallara, L laga og eru tengdar saman með stigahúsi.

Útveggir eru steinsteyptir og múrhúðaðir með steiningu. Gluggar eru hefðbundnir furugluggar með tvöföldu einangrunargleri og eru þeir önnur kynslóð af gluggum í húsinu.

Verkið felst í endurnýjun á gluggum, sem og uppsetningu á múreinangrunarkerfi með steiningu, ásamt steypuviðgerðurm á sömu hliðum og uppsteypu trappa yfir eldri með snjóbræðslu við norðurhlið hússins.

Yngri hluti skólans er á austurhluta lóðarinnar og er hann sambyggður austur-vestur álmu með tengigangi og er hann ekki með í útboði þessu.

Formi karma og pósta verður breytt í upprunalegt og er farið eftir formi karma og pósta eina upprunalega gluggans í kjallara norður-suður álmu.

Múreinangrunarkerfi er um 7,5 cm. þykkt og munu gluggar verða færðir utar sem því nemur. Útliti glugga þ.e. staðsetningu og fjölda pósta verður ekki breytt.

Eins og að ofan er greint munu útveggir verða steinaðir. Leitast verður eftir að fremsta megni að viðhalda upprunalega útliti hússins með þeim múr- og steiningarefnum sem eru fáanleg í dag og verður steiningarefni hvítt kvars og svart granít, kornastærð 3-8 mm, steiningarlím verður grátt.

## ELDVARNIR

Í húsinu skal vera brunaviðvörunarkerfi tengt vagtstöð.

Allar nýjar klæðningar skulu vera í flokki 1

Út og neyðarlýsing skal vera í öllum rýmingarleiðum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
4/6 '02

FLENSBORGARSKÓLINN
Brekkugötu 19

## Afstöðumynd

Steinað múreinangrunarkerfi utan á eldri hluta skólans sem teiknaður er af Guðjóni Samúelssyni.

M. 1: 500

29. ágúst 2001 Óli Jóhann Ásmundsson arkitekt , Kt. 180340-4679

1